

**531. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
9. október 2018 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Berglind Eir Egilsdóttir (BEE).

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki og oddviti lýsir fundinn lögmætan.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá að við bætist 4.töluliður mál nr.1810024 Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur.

Einnig sátu fundinn Bryndís Sigurðardóttir (BS), sveitarstjóri og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS) sem ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerðir: 2018 - 1802017

Lagt fram til kynningar.

2. Fundargerðir 2018 - 1801052

Fundargerð 52.fundar Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem haldinn var 25.september 2018.

*Sveitarstjórn tekur út 4.tl. til afgreiðslu mál um morgunferðir almenningsamganga milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.
Samþykkt samhljóða.*

3. Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd - 22 - 1809003F

Töluliður 3.6. tekin út til afgreiðslu. Oddvita (BG) og sveitarstjóra (BS) falið að kanna betur hvað felst í tilboði Tröppu, og hvað er innifalið í tilboðinu. Einnig að kanna fleiri kosti með tilliti til verðs. Samþykkt samhljóða.

*Töluliður 3.7. tekin út til afgreiðslu. Sveitarstjóri (BS) upplýsti að hún hefði rætt við byggingafulltrúa um málið. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.
Samþykkt samhljóða.*

Aðrir liðir staðfestir.
Samþykkt samhljóða.

3.1 1809044 - Fundur: Fræðslu-,menningar-,íþróttu-,æskulýðsnefnd

Fundargerð lögð fram til kynningar.

3.2 1809045 - Skólamál:Falinn vandi skólaforðunar

Lagt fram til kynningar

3.3 1808030 - Skóladagatal: Tálknafjarðarskóla 2018-2019

Skóladagatal Tálknafjarðarskóla fyrir skólaárið 2018-2019 var þegar samþykkt af Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefnd á vordögum 2018 og hafði þá einnig verið samþykkt af skólaráði. Skóladagatalið er því lagt fram til kynningar.

3.4 1809043 - Upplýsingagjöf: Íþrótt- og tómstundafulltrúa

Íþrótt- og tómstundafulltrúi boðaði forföll en mun mæta á næsta fund nefndarinnar.

3.5 1808036 - Upplýsingagjöf: skólastjóra

Skólastjóri upplýsti um ytra mat Menntamálastofnunar fyrir síðasta skólaár og er nú vinna í þeim athugasemdum sem þar komu fram. Þessi vinna mun að líkindum klárast í vetur.

Skólinn var skráður í Skólapúlsinn í dag en það er mjög mikilvægt fyrir innra mat skólans sem fer einnig fram í vetur.

Notkun farsíma hefur truflað skólastarfið og verður kynnt ákvörðun á morgun um að banna notkun þeirra á skólatíma. Mun sú ákvörðun verða kynnt foreldrum í tölvupósti þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar verður útskýrð.

Stöð 2 kom í heimsókn í skólann og ræddi við nemendur og tók upp efni til að nota síðar í fréttum varðandi svæðið. Skólastjóri bendir á að upplýsingar og tilkynningar eru reglulega settar inná heimasíðu skólans

www.talknafjardarskoli.is og bendir foreldrum á að líta reglulega þar inn.

Verið er að vinna í því hvaða valgreinar er hægt að bjóða uppá í skólanum. Skólastarfið er ágætt að mestu leiti, margt er þó enn óljóst og stefnur hafa ekki verið fullmótaðar. Starfsfólk er gott og nemendur góðir svo það er full ástæða til að horfa bjart fram á veginn.

3.6 1808034 - Trappa:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir, oddviti kom inn á fundinn til að kynna starfsemi Tröppu fyrir fundarmönnum og yfirgaf síðan fundinn.

Jóhann Örn Hreiðarsson gerði athugasemd við setu oddvita á fundi nefndarinnar.

Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefnd tekur vel í samstarf við sérfræði- og ráðgjafabjónustu Tröppu enda yrði það ómetanlegur stuðningur við skólastarf Tálknafjarðarskóla. Nefndinni þykir þó rétt að minna á að nánanari upplýsingar vantar um aðgengi að sérkennslu- og sálfræðibjónustu inn í framlögð gögn

3.7 1810020 - Móttaka nemanda í hjólastól

Þann 20. október n.k. mun nemandi hefja nám við Tálknafjarðarskóla sem fer leiða sinna í hjólastól. Nefndin beinir því til hreppsnefndar að skoða aðgengi skóla og íþróttamannvirkis með tilliti til þessa.

4. Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála, - 1810024

Sveitarstjórn harmar þá stöðu mála sem upp er komin í atvinnulífi á sunnanverðum Vestfjörðum í kjölfar úrskurðar UUA. Ljóst er að þessi staða setur líf okkar allra í uppnám. Traust til regluverks sem fiskeldi er gert að starfa eftir hefur beðið verulega

*hnekki og það mun taka langan tíma að ávinna það traust að nýju. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps skorar á ríkisstjórn og Alþingi að tryggja að slíkt endurtaki sig ekki og úr verði bætt án tafar. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps mun beita sér fyrir því að haldinn verði íbúafundur hið fyrsta um stöðu mála.
Samþykkt samhljóða.*

5. Ráðning sveitarstjóra - 1810010

*Oddvita og varaoddvita falið að ganga frá og undirrita samninginn f.h. Tálknafjarðarhrepps.
Sveitarstjórn veitir Bryndísi Sigurðardóttur, prókúru f.h. Tálknafjarðarhrepps.
Sveitarstjórn býður nýráðin sveitarstjóra hjartanlega velkomna til starfa.*

6. Uppgjör fyrstu sex mánuði ársins fyrir Tálknafjarðarhrepp - 1810015

*Endurskoða þarf fjárhagsáætlun 2018 með tilliti til uppgjörins og samþykktra viðauka á árinu 2018.
Sveitarstjóra falið að upplýsa Eftirlitsnefnd sveitarfélaga.
Samþykkt samhljóða.*

7. Til umsagnar Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál. - 1809054

*Sveitarstjórn telur nauðsynlegt við afgreiðslu þingsályktunarinnar að áfram sé staðinn vörður um Fjölmenningssetrið á Ísafirði. Verði verkefnið að veruleika mætti vel hugsa sér að umsjónarmaður setursins sinnti umsjón ráðgjafarstofu innflytjenda frá Ísafirði.
Samþykkt samhljóða.*

8. Til umsagnar 25. mál - 1810001

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum, 25. mál.

*Sveitarstjórn bendir á að greina verður áhrif breytinganna á þjónustu sveitarfélaga við börn, svo sem hvað varðar leik- og grunnskóla, áður en málið er tekið til afgreiðslu.
Samþykkt samhljóða.*

9. Kynning tómsundur og afþreying á sunnanverðum Vfj 18-19 - 1809052

Erindi frá Öldu Hrannardóttur á Héraðsbókasafni V-Barð. Boðið er upp á kynningardag þar sem öllum þeim sem tengjast tómsundum og afþreyingu á sunnanverðum Vestfjörðum geta kynnt sína starfsemi.

*Sveitarstjórn fagnar framtakinu og samþykkir að styrkja verkefnið um umbeðna upphæð kr. 37.500.-
Samþykkt samhljóða.*

10. Styrkur: vegna fimleikakennslu - 1809021

Erindi frá Telmu Ýr Snorradóttir f.h. Fimleikafélags Vestfjarða.

Oddviti hefur náð samkomulagi við bréfitara þess efnis að andvirði húsaleigu verði notað til að kaupa búnað fyrir fimleikakennslu sem verður staðsettur í íþróttahúsi Tálknafjarðar.

11. Skýrsla:Fjölmiðlaskýrsla um stjórnendur sveitarfélaga - 1809019

Erindi frá Creditinfo þar sem þeir eru að vinna nýja fjölmiðlaskýrslu um stjórnendur íslenskra sveitarfélaga.

*Sveitarstjórn þakkar erindið en hafnar því.
Samþykkt samhljóða.*

12. Nefndir skipun í nefndir 2018-2022 - 1806023

Oddviti leggur til að þessum dagskrárlið sé frestað til næsta fundar.

*Erindinu er frestað.
Samþykkt samhljóða.*

13. Tilraunaverkefni:um uppbyggingu - 1809035

Sveitarfélagið hefur sótt um þátttöku í verkefni Íbúðalánasjóðs; Húsnæðismál á landsbyggðinni, tilraunaverkefni.

*Lagt fram til kynningar.
Samþykkt samhljóða.*

14. Uppgjör útsvars álagningu 2018 vegna tekna 2017 - 1809050

*Lagt fram til kynningar.
Samþykkt samhljóða.*

15. Aðalskipulag:Endurskoðun - 1809041

Í gildi er aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

*Sveitarstjórn samþykkir að fara í endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins.
Samþykkt samhljóða.*

16. Varmadælur - 1810012

Erindi frá Fríorku ehf., kynning á varmadælum.

*Sveitarstjórn þakkar erindið en hefur ekki tök á að sinna því að svo stöddu.
Samþykkt samhljóða.*

17. Boðsbréf: á sýninguna Íslenskur Landbúnaður - 1809048

*Oddviti (BG) og sveitarstjóri (BS) munu sækja sýninguna f.h. sveitarfélagsins.
Samþykkt samhljóða.*

18. Upplýsingargjöf: Oddvita - 1806024

Íþróttaskóli HHF fara þarf yfir skipulag skólans og er sveitarstjóra (BS) falið að vinna málið áfram í samstarfi við HHF.

*Vesturbyggð mun taka við allir launavinnslu fyrir Tálknafjarðarhrepp 1. janúar 2019.
Oddvita (BG) og sveitarstjóra (BS) falið að vinna málið.*

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða fundaði með oddvita (BG) og sveitarstjóra (BS).

Lilja Magnúsdóttir (LM) mætti á fund með fulltrúum frá Vesturbyggð með starfsmanni Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fundurinn varðaði gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs og mun tengjast vinnu sveitarfélagsins varðandi framtíðar fyrirkomulag sörpmála í sveitarfélaginu.

Rætt um fjallskil í Tálknafirði, Lilju Magnúsdóttur (LM) falið að kanna málið.

19. Breytingar : á lögum um félagsþjónustu - 1809040

Erindi frá Félagsráðgafafélagi Íslands.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

20. Framlög vegna tónlistarnáms í öðrum sveitarfélögum - 1810004

Erindi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

21. Ársskýrsla 2017 - 1810003

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

22. Mannvirki á miðhálandinu ? framfylgdarverkefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026 - 1809055

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

23. Úthlutun: áætluð úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda - 1809046

Erindi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

24. Þingmannafundur: í kjördæmaviku, þriðjudag 2. október, - 1809033

Fundinn sóttu f.h. sveitarfélagsins Bjarnveig Guðbrandsdóttir, oddviti, Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri og Nancy Rut Helgadóttir, varamaður í sveitarstjórn.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

25. Aðalfundur: Fundarboð - 1809024

Aðalfundur Hvetjanda hf. var haldinn þriðjudaginn 25. september 2018. Enginn sótti fundinn f.h. sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

26. Boðsbréf hringborð norðurslóða 2018 - 1809051

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:30.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir
(IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Berglind Eir Egilsdóttir (BEE)

Bryndís Sigurðardóttir (BS)

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
(EIS)